

Aðalfundur LÍV 12.október 2013

1. Setning fundar
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Lagt til að Arnar Aðalgeirsson verði fundarstjóri og Ólafur Jóhann fundarritari, samþykkt samhljóma með lófaklappi.

3. Forseti félagsins Freyr Aðalgeirsson flutti skýrslu stjórnar, sem fylgir með í viðhengi
4. Skýrslur svæðafélaga

Tryggvi Tryggvason flutti skýrslu Ey-lív,

Aðalfundur eylív, félagsfundir haldnir á kea, vetrarsport sýningin haldin í nóvember á nýjum stað og tókst mjög vel ásamt árshátíð í sjallanum. Haldið jólagrill á verkstæðinu hjá Tryggva Aðalbjörns. Sleðaspyrna haldin í tengslum við éljagang. Snjóflóðanámskeið og Bret Rasmusen námskeið. Haldin ferð um nágrenni mývatns, ásamt tröllaskagatryllings. Vorslutt haldið 8.júni, þar sem Car-x bauð upp á ferð í kinnafjöllin.

Kristinn T. Björgvinsson flutti skýrslu stjórnar Lív Skagafirði, starfið hófst september/október. Haldnir fundir á mælifelli mánaðarlega. Fengu björgunarsveitarmenn frá Dalbjörgu í Eyjafirði til að halda snjóflóðanámskeið. Héldu einnig skyndihjálparnámskeið með áherslu á fjallahjálp.

Síðasta haust var farið í að leggja vegslóða fram Kaldbaksdalinn og ákveðið að láta hann taka sig yfir einn ár. Vegurinn var skoðaður nýlega og kom mjög vel undan vetri, ekkert runnið úr honum og lítur því vel út. Ræsing sem var gerð hefur tekist vel, og vegurinn hentugur til að keyra sleða á í stað þess að þurfa að vera í hliðarhalla eða miklum þúfum. Þetta hefur því tekist vel.

Að lokum kom skýrsla frá Þorsteini Gunnarssyni formaður Lív Reykjavík, viðburðarríkt ár var hjá sunnanmönnum, 14.11 var verkstæðishittingur, þar sem var farið yfir viðhald sleða og vetrardagskrá kynnt. Síðan var árshátíðin haldin í nóvember með Gísla Einarsson sem veislustjóra. Félagsmenn fjölmenntu á sýninguna á Akureyri. Næsti fundur var haldin hjá Arcticport með vídeo sýningu frá sérsveitarmönnum. Nýliðafundur var haldin á hótél loftleiðum í janúar, þar sem allir sleðaeigendur á suðvestur horninu fengu bréf um fundinn en þar skráðu sig 30 ný félagsmenn, nýliðafundurinn tókst sérlega vel og var ákveðið að endurtaka það að ári.

Síðan var haldið snjóflóðanámskeið með bæði bóklegum og verklegum hluta. Allir helstu sleðamenn mættu á Rasmussen námskeiðið en í kjölfarið var haldin félagsfundur hjá Ellingsen þar sem BR hélt fyrirlestur um sleðaakstur.

Tveir aðilar hættu í stjórn og tveir nýir komu inn. Björn Traustason og Þröstur Sigurðsson gengu úr stjórn en í þeirra stað komu Bergur Konráðsson og Gunnar málari.

Þorsteinn fór yfir það hverjir er í stjórn lív-Reykjavík

Tryggvi fór yfir hverjir eru í stjórn Ey-lív

Kristinn fór yfir nöfn stjórnar í Skagafirðinum, þar sem aðalfundur er á næsta leyti og því von á breytingum á stjórn

Frey voru bornar sérstakar þakkir fyrir frábært starf í kringum Rasmussen námskeiðið

## 5. Reikningar lagðir fram

Freyr fór yfir ársreikning félagsins, rekstrartekjur hafa aukist um tæp 600.000 sem er mjög jákvætt. Ástæðan er aðallega nýliðun í félaginu sem er mjög jákvætt.

Heildartekjur upp á rúmlega 2.7 M.

Gjöldin eru hefðbundin, þ.e.a.s. greiðslur til svæðafélaganna, að auki er það kostnaður við myndavélar, umhverfisfundur með slóðavinum. Ásamt smávægilegum öðrum kostnaði.

Bent var á að útistandandi er reikningur fyrir þrjár myndavélar í stað fjögurra en það er vegna þess að lív-Reykjavík greiddi fyrir myndavélina sem er í Kerlingafjöllum. Því hafa sunnanmenn enn rétt á vél fyrir t.d. Vörðuna.

Hagnaður er 604.000 sem er ekki alveg rétt þar sem vantar reikning vegna þriggja myndavéla.

Hætt er að greiða í benna banka vegna GPS slóða.

Peningalegar eignir yfir 5,5 M sem skiptast í sjóðsbók og ávísunarreikning en það er hugsanlega óþarflega mikið af fé á ávísunarreikning. Forsetinn leggur til að reynt verði að ávaxta fé félagsins betur með því að hafa það inn á reikning með betri ávöxtun.

Örlítill afgangur var á Rasmussen námskeiðinu en ákveðið var að það færi sem styrkur til björgunarsveitarinnar Súlur á Akureyri fyrir afnot af aðstöðinni þeirra.

Kristinn spurði hvort styrkur fyrir Kaldbaksdalinn sé inni í þessu og heldur að það hafi ekki verið greitt. Forsetinn taldi að svo væri ekki.

Reikningurinn borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóma.

6. Fjárhgs- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs

Upplýfting á heimasíðu í tilefni af afmælisárinu, áætlaður kostnaður 500.000

Gera nýjan bækling um umhverfismál, þar sem auknar upplýsingar komi fram. Áætlaður kostnaður 500.000

Viðbótar dagskrá fyrir kerlingafjöll í tilefni af afmælisárinu, áætlaður kostnaður 200.000

7. Ákvörðun um félagsgjöld og skiptingu þess

Forsetinn leggur til að árgjaldið verði óbreytt eða krónur 5.000.-, skipting er 60/40 og lagt til að það verði óbreytt. Félagsgjöld þeirra sem hafa aukaaðild, en aukaaðild er ef önnur félög t.d. björgunarsveitir eða ferðafélög.

8. Lagt er til að aukaaðild sé sama gjald og aðrir félagsmenn.

Unræða er um hvort makar félagsmanna eigi að hafa gjaldfrjálsa aðild, en ákveðið að hafa það óbreytt.

9. Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinn.

10. Ný stjórn kynnt

Einungis Forseti er kosinn til tveggja ára

F.h. Ey-liv eru Tryggvi Tryggvason, Guðmundur Hannesson og Guðlaugur Halldórsson til vara

F.h. Lív skagafirði eru Kristinn Björgvinsson og Gunnar Helgi, Björn Svavarsson til vara

F.h. Lív Reykjavík eru Þorsteinn Gunnarsson, Ólafur Jóhann og Hjalti Bjarnason til vara

11. Skoðunarmenn endurkjörnir

12. Ákvörðun um næsta landsfund, fundur á sama tíma á ári en staðsetning verður ákveðin síðar.

Önnur mál

Fyrirspurn um myndavélar, spurning hvort hægt sé að setja vél á Kleifarnar í Ólafsfirði. Þar sem til stendur að bíða eftir að vélin á Lamba fari á nýja skálann í vor, þá er tillaga um að sú vél verði höfð á Kleifunum þar til hún verður sett á Lamba.

Hóla Palli kom inn á að Gæsavatnafélagið, Ingi á Húsavík og Ferðafélagið á Akureyri hafa áhuga á vélum. Í þeim tilfellum vilja þessir aðilar greiðastofnkostnað sjálfir en lív tekur að sér að sjá um að birta myndir frá vélunum. Aðalfundur samþykkir að félagið komi að þessu á þessu formi þar sem myndavélar þjóna klárlega hagsmunum félagsmanna en vísar því til stjórnar að taka ákvarðanir hverju sinnu.

Hugmynd kom á fundinum um að félagið myndi útbúa límmiða, boli, húfu eða eitthvað slíkt í tilefni afmælisársins. Aðalfundur var samþykkur því að slíkt verði gert á afmælisárinu og að afmælisárinu verði gert hátt undir höfði.

Spurt var hvernig félagsmenn sjá fyrir sér að fé félagsins verði nýtt til framtíðar, en það verði á svipuðum nótum og verið hefur.

Fundarstjóri orðinn svangur og slítur fundi, kl. 18:35